

Upplýsingatækni 6. bekkur 2023-2024

Kennarar: Gylfi Már Þórðarson; Harpa Frímannsdóttir; Herdís Ingvadóttir; Laufey Broddadóttir

6

Lýsing

Upplýsinga- og tæknimennt í 6. bekk 2023-2024

Kynning á námsgreininni og kennsluáferðir

Upplýsingalæsi er sú þekking og færni sem þarf til að afla, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum á gagnrýnn og skapandi hátt. Við munum vinna fjölbreytt og skemmtileg verkefni til þess að auka færni nemenda í upplýsingalæsi.

Kennsluáferðir

- Sýnikennsla
- Einstaklings- og hópavinna

Áframhaldandi æfingar í fingrasetningu, ritunarverkefni með rétttri fingrasetningu, rit og myndvinnsla, grunnatriði í Google slides (power point) kynnt. Netíð, netöryggi og upplýsingaleit á neti. Nemendur læra að vista og/eda senda verkefni sín með tölvupósti. Seinfærir nemendur fá aðstoð í samráði við sérkennara og þroskaþjálfara og fundin leið eftir því hvað hentar hverju sinni. Bráðgerir nemendur fá meira krefjandi verkefni bæði í samráði við þá sjálfa og við foreldra.

Námsáætlun

Dagatal - tímaáætlun:

Tímabil	Yfirferð námsefnis	Kennsluáferðir	Tenging við hæfniviðmið
Ágúst-september	Google docs kynnt og ýmis verkefni unnin í því. Fingrasetningaræfingar.	Einstaklings og paravinna. Þjálfun í að taka leiðsögn og uppbyggilegri gangrýni á jákvæðan hátt.	- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna. - Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
Október	Google slides forritið rifjað upp og verkefni unnin. Fingrasetningaræfingar.	Einstaklings- og paravinna. Kynning fyrir bekk. Tjáning og miðlun þekkingar.	-Nýtt forritið við miðlun á skapandi og skýran hátt.
Nóv.-des.	Námstengd verkefni og forritunarval.	Ígrundað og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og lagt til hvernig megi bæta vinnubrögð.	-notað hugbúnað/forrit við framsetningu tölulegra gagna.
Jan.-feb.	Sheetsverkefni, forritið kynnt til leiks. Námstengd verkefni.	Leitað og sótt upplýsingar í námi í ólíka miðla. Myndræn kennsla, paravinna. Nemendur fá að spreyta sig á að gera spurningakönnun og vinna úr henni. Samstarf og skapandi og gagnrýnin hugsun þjálfuð.	-notað hugbúnað/forrit við framsetningu tölulegra gagna. - Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum. -Beitt rétttri fingrasetningu.
Mars-apríl	Hljóð- og myndvinnsla. Stuttmyndagerð. Samskiptamiðlar, netöryggi, leit á neti.	Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samstarfi og samskiptum við aðra. Áttað sig á hettum sem fylgja notkun netsins og annarra samskiptamiðla.	-nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi. -Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.
Mai-júní	Valverkefni í einu því forrita sem unnið var í í vetur.	Notað miðla nokkuð sjálfstætt við sköpun og kynningu efnis.	-Nýtt forritin við miðlun á skapandi og skýran hátt.

Grunnþættir menntunar

Læsi

Nemendur velji hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem þeim eru að vinna. Nemendur geti rökstutt val á hugbúnaði við verkefnavinnu.

Sköpun

Að nemendur noti hugmyndaflug við hönnun og skipulag verkefna.

Jafnrétti

Að nemandi fari eftir reglum um ábyrga netnotkun og taki tillit til skoðana annarra. Að nemendur sýni hvert öðru þolinmæði og hjálpssemi. Að nemendur nýti upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt sér til ánægju og gagns.

Námsmat

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir árið. Einstaklings-, hópa-, þarvinna og ýmis verkefni verða lögð fyrir. Lögð er rík áhersla á fingrasetningu, upplýsingaöflun ásamt grunnvinnu í forritum frá Google í ritvinnslu og skyggnusýningum. Hæfniviðmiðin eru metin með táknum sem standa fyrir eftirfarandi: Frammúrskarandi - hæfni náð - á góðri leið - þarfnast þjálfunar - hæfni ekki náð. Hæfniviðmið geta verið metin oft yfir árið. Lykilhæfni nemenda er metin út frá vinnuframlagi, verkefnum, framkomu og eljusemi.

Lokaekunn er gefin í A, B+ B, C+, C og D sem birtist inni á Mentor.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi
Mæting	Nemendur skulu mæta stundvíslega í kennslustund.
Virgni í tímum	Nemendur skulu taka þátt í þeim verkefnum sem þeim eru sett fyrir.
Heimavinna	Nemendur vinna þau verkefni sem sett eru fyrir heima. Getur einnig komið til vegna veikinda, leyfa, tónlistartíma og fleira.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	MMS.is saft.is
Stoðþjónusta nemenda	Stoðþjónusta nemenda er skipulögð hverju sinni í samráði við sérkennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa.
Skyldur nemenda	Nemendur skulu fara eftir bekkjarsáttmálum Unnið er að því að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Áhersla er á að nemendur leggi sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og eiga jákvæð samskipti við aðra.
Skyldur kennara	Kennarar skulu sýna nemendum gagnkvæma virðingu, aðstoða við úrlausn verkefna og mæta nemendum þar sem þeir eru staddir.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Vinnulag og vinnubrögð

- Beitt réttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Miðlun

- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun á skapandi og skýran hátt.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Skapandi og gagnrýnin

hugsun

- Verið mjög skapandi við vinnu og lausn verkefna.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra, verið virk/-ur í hópastarfi og lagt sitt af mörkum á uppbyggilegan hátt.
- Nýtt sér mismunandi miðla og sýnt ábyrgð á netnotkun.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Nýtt tímann vel og lagt sig fram við námið af alúð.